

GJALDSKRÁ

Meindýravarna Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Fyrir þjónustu og útrýmingarefni Meindýravarna Reykjavíkurborgar skal umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald skal innheimt fyrir eyðingu meindýra en þó skal ekkert gjald tekið fyrir eyðingu á músum og rottum. Tímagjald vegna þjónustuverkefna og gjald fyrir akstur skal vera sem hér segir:

Tímagjald	4.351 kr./klst.
Akstur	1.838 kr./ferð.

3. gr.

Fyrir útrýmingarefni skal greiða gjald m.v. innkaupaverð og notað magn efnis ásamt 40% umsýsluþóknun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Meindýravarna Reykjavíkurborgar nr. 1053/2022.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 11. nóvember 2022.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. nóvember 2022